

# Allt í hakki?

## **Matarsóun** í virðiskeðju framleiddra matvæla

### FRAMLEIÐSLA

- Ekki notuð nógu góð veiði- eða uppskerutækni
- Afurðir skildar eftir á ökrum
- Uppskerubrestur og skemmdir vegna veðurfars
- Nagdýr eða skordýr komast í matinn
- Sóun vegna strangra gæða- og útlitskrafa
- Offramleiðsla eða ofveiðar

### VINNSLA

- Sóun við hreinsun, flokkun og afskurð
- Sóun við matreiðslu
- Sóun á aukaafurðum
- Óhreinindi komast í snertingu við afurðir
- Vörum sem standast ekki kröfur hent
- Matur ekki geymdur við kjöraðstæður
- Raki, nagdýr eða skordýr komast í matinn

### FLUTNINGUR

- Afurðum ekki pakkað nægilega vel inn
- Samgönguinnviðir ekki nógu góðir
- Hnjask við flutninga
- Kælikeðjan rofin

### VERSLUN

- Ekki nógu góð meðhöndlun í kjötborði og í grænmetishillum
- Vörur geymdar við rangt hitastig
- Of mikið keypt inn
- Kröfur um að hillur séu alltaf fullar
- Lítil yfirsýn yfir vörur sem eru að renna út

### NEYSLA

- Innkaup ekki skipulögð nógu vel
- Matur ekki geymdur við kjöraðstæður
- Ferskvörur keyptar frekar en matur með lengra geymsluþol
- Matur sem liggur undir skemmdum ekki nýttur
- Of mikið skorið af mat við matseld
- „Best fyrir“ dagsetningu ruglað saman við „síðasta neysludag“
- Of stórir matardiskar

Þegar upp er staðið er **þriðjungi** framleiddra matvæla sóað á heimsvísu